



Sýslumaðurinn á Ísafirði

Ársskýrsla
2007

Inngangur

Sjötta ársskýrsla embættis sýslumannsins á Ísafirði er áfram birt eingöngu með rafrænum hætti og verður aðgengileg með fyrri ársskýrslum embættisins á www.syslumenn.is. Sérstök ársskýrsla verður framvegis gerð um þann hluta embættisins er varðar lögregluna. Er það gert til samræmingar við önnur embætti sem einnig hafa lögreglustjórn. Ársskýrslan er sett fram til að gefa raunsanna mynd af starfsemi ársins 2007. Þannig er skýrslan ágætt tæki við stefnumótun embættisins. Markmið embættisins er að efla þjónustu við borgara umdæmisins og tryggja öryggi þeirra og velferð á sem hagkvæmastan máta.

Miklar breytingar áttu sér stað á árinu 2006 og 2007 (sjá einnig ársskýrslu 2006). Í byrjun árs 2007 gekk í gildi sameining lögregluumdæma og tollumdæma og breytt inntak nokkurra sýslumannsembætta. Sýslumaðurinn á Ísafirði tók við lögreglustjórn í umdæmi sem er 9.400 km² og nær yfir allan Vestfjarðarkjálkann; frá Gilsfirði að Brú í Hrutafirði, auk hluta Holtavörðuheidar sem sýslumaður þjónar ásamt lögreglustjóranum í Borgarnesi. Á landsvísu er umdæmið um 9%. Hið nýja lið lögreglunnar fékk heitið lögreglan á Vestfjörðum og er undir stjórn lögreglustjórans á Vestfjörðum sem jafnframt er sýslumaður Súðavíkurhrepps og Ísafjarðarbæjar. Við þá sameiningu varð til stærra og öflugra lögreglulið en áður hefur þekkt á Vestfjörðum. Fyrir sameiningu höfðu lögregluliðin verið fjögur, undir stjórn fjögurra lögreglustjóra og var stærð liðanna og geta mjög mismunandi. Strax eftir sameiningu var kynnt nýtt skipurit fyrir embættið sem dómsmálaráðherra samþykkti í lok árs 2006. Nýjungar skipuritsins voru þær að yfirmönnum í lögreglu var fækkað, tvær nýjar stöður urðu til, þ.e. staða aðstoðaryfirlögregluþjóns með aðsetur á Patreksfirði og staða forvarnar- og fræðslufulltrúa með aðstöðu í Bolungarvík. Þá var einnig fjölgað héraðslögreglumönnum um allt umdæmið. Stór hluti umdæmisins er erfiður yfirferðar og lokast samgöngur á ákveðnum stöðum yfir vetrarmánuðina, s.s. Vestfjarðarvegur (Ísafjörður-Patreksfjörður), Djúpvegur (Hólmavík-Ísafjörður), Óshlíð (Bolungarvík-Ísafjörður) og flestar heiðar, t.d. Þorskafjarðarheiði og Tröllatunguheiði.

Nú þegar hefur ýmislegt áunnist eftir að sameiningin átti sér stað, t.a.m. voru haldnir 12 borgarafundir á helstu þéttbýliskjörnum umdæmisins Þar mættu íbúar fjórðungsins og létu í ljósi skoðanir sínar á því hver áhersluverkefni lögreglu ættu að vera í þeirra nánasta umhverfi. Á öllum fundum kom fram að efling forvarna og meiri fræðsla fyrir börn, ungmenni og fullorðna væri nauðsynleg og var því alls staðar fagnað að buið væri að setja á fót sérstaka stöðu forvarnar- og fræðslufulltrúa. Fleiri atriði komu fram á fundunum og sem nýtt verða við skipulag löggæsluáætlunar fyrir komandi ár. Þar ber helst að nefna meiri samvinna við sveitarfélög á sviði forvarna og aukið eftirlit á fámennari stöðum.

Mikilvægt er að vera í góðu sambandi við kjörna fulltrúa íbúa sveitarfélaganna og íbúana sjálfa. Þegar er hafin vinna til að efla þau tengsl, s.s. fyrrgreindir borgarafundir sem stefnt er að haldnir verði a.m.k. á tveggja ára fresti og samvinna lögreglu og sveitarfélaga í samstarfsnefnd (12. gr. lögreglulaga nr. 90/1996) með aðkomu fjórðungssambands Vestfirðinga. Þeirri nefnd er ætlað það hlutverk að vera samstarfsvettvangur til upplýsingamiðlunar, þ.e. óskir og þarfir hvers sveitarfélags verði rædd og sjónarmið lögreglu og sveitarstjórna um framkvæmd mála og verkefna samræmd eftir því sem við verður komið. Meiri samvinna er nú með lögreglustjórum en var fyrir sameiningu og funda lögreglustjórar nú mánaðarlega um málefni er varða þjónustu við íbúa landsins ofl. Tilgangur fundanna er m.a. að samræma vinnubrögð og aðgerðir lögreglu á landsvísu þannig að tryggt sé að lögum sé framfylgt á sama hátt hvar sem er á landinu.

Sýslumaður fékk samþykki dómsmálaráðuneytisins fyrir því að hafa umsjón með málaflokk er varða kærur til æðra stjórnvalds vegna ákvarðana sem teknar eru af Útlendingastofnun og fylgir þeim málaflokki eitt stöðugildi lögfræðings sem hefur embættispróf í lögum. Þegar skýrsla þessi er rituð hefur enn ekki tekist að ráða í starfið og er því málaflokkurinn enn á forræði dómsmálaráðuneytisins en vonir standa

til að um mitt ár 2008 verði málaflókkurinn fluttur og honum sinnt á Ísafirði. Sýslumaður óskaði einnig eftir því við dómsmálaráðuneytið í maí 2007 að sett yrði á fót skýrslumiðstöð hjá lögreglunni á Vestfjörðum, sem sinna myndi gerð lögregluskýrslna á landsvísu. Gert var ráð fyrir því að um tvö stöðugildi yrði að ræða til að byrja með. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um það hvort og þá hvar skýrslumiðstöð lögreglu verður hýst. Á síðari hluta árs 2007 var hins vegar ákveðið af dómsmálaráðherra að sett yrði á fót skönnunarmiðstöð þinglýstra skjala og skyldi hún hýst hjá sýslumanninum á Ísafirði. Á vormánuðum 2008 mun miðstöðin taka til starfa og hefur fengist samþykki fyrir því að tvö stöðugildi verði þar til að byrja með, en vænta má að þau verði mun fleiri þegar miðstöðin er komin á skrið, því ógrynni verkefna bíða miðstöðvarinnar og er það stefnan að hér sé ekki um tímabundin verkefni að ræða, heldur verkefni til framtíðar.

Ríkislögreglustjórinn og sýslumaðurinn á Ísafirði f.h. lögreglunnar á Vestfjörðum gerðu með sér árangursstjórnunarsamning þann 7. desember 2007, til þriggja ára og er lítil reynsla kominn á ákvæði hans þegar þetta er ritað. Á grundvelli þess samnings mun embættið gera löggæsluáætlun þar sem markmiðum árangursstjórnunarsamningsins verður fylgt eftir auk annarra þátta sem embættið telur að setja þurfi í forgang sem lið í því að bæta löggæslu í umdæminu og gera hana sýnilegri. Það er gert til að tryggja enn betur að íbúar séu öruggir og finni að treysta má á góða og öflugra löggæslu í þeirra nánasta umhverfi.

Í ársskýrslum komandi ára verður verkefnum lögreglu ekki gerð skil þar sem sérstök ársskýrsla er rituð fyrir þann þátt embættisins. Þá skal þess einnig getið að þetta er síðasta ársskýrslan sem verður með þessu sniði, en ætlunin er að framvegis muni ársskýrslur hafa að geyma stuttar lýsingar á verkefnum embættisins og tölfræði.

Kristín Völundardóttir,
sýslumaðurinn á Ísafirði.

Efnisyfirlit

INNGANGUR	2
I. Yfirlit yfir starfsemi ársins 2007	5
ALMENNT	5
ÞJÓNUSTA	5
SAMSTARF	5
REKSTUR	5
KJARNASTARFSEMI.....	7
1. ALMENN UMBOÐSSTÖRF	7
1.1. Þinglýsingar	7
1.2. Aðfarargerðir	7
1.3. Nauðungarsölur	7
1.4. Sifjamál	7
1.5. Dánarbú	7
2. INNHEIMTA OPINBERRA GJALDA	8
3. TOLLUR	8
4. TRYGGINGASTOFNUN OG SJÚKRATRYGGINGAR	8
5. ÝMSAR LEYFISVEITINGAR	8
II. Tölulegar upplýsingar	8
1. Almenn umboðsstörf	8
1.1. Þinglýsingar	8
1.2. Aðfarargerðir	8
1.3. Nauðungarsölur	9
1.4. Sifjamál	9
1.5. Dánarbú	11
1.6. Hjónavígslur	11
1.7. Lögbókandagerðir	11
1.8. Leyfi fyrir sölu skotelda	11
1.9. Ýmis önnur leyfi	11
2. Innheimta opinberra gjalda.....	11
3. Tollur	12
4. Tryggingastofnun og sjúkratryggingar	14
5. Ýmisar leyfisveitingar	14

I. Yfirlit yfir starfsemi ársins 2007

Almennt

Verið er að vinna í því á vegum Járnsíðu og Starfsmenntar að útbúa lokað heimasvæði fyrir starfsmenn sýsluskrifstofa, þar sem finna má verkferla, leiðbeiningar, upplýsingar um starfskjör ofl. Hér er um að ræða mjög metnaðarfullt verkefni sem sýslumenn og starfsmenn þeirra koma að. Sýslumaðurinn á Ísafirði situr í þessum starfshóp ásamt þremur öðrum sýslumönnum og fulltrúum starfsmanna og Starfsmenntar. Stýrihópurinn hefur fengið styrk frá Starfsmenntasjóði til verksins. Eins og undanfarin ár sóttu starfsmenn námskeið hjá Járnsíðu og er það mjög mikilvægur liður í endurmenntun starfsfólks og nauðsynlegt að því gefist kostur á að sækja slík námskeið. Þá sóttu starfsmenn námskeið á vegum Símenntar sem starfar með Járnsíðu.

Þjónusta

Hugbúnaður vegna skjalastjórnunar er í vinnslu og hefur starfshópur á vegum dómsmálaráðuneytisins verið skipaður til þess að tryggja að skjalavistunarkerfið sé sem best í stakk búið að vista þau verkefni og erindi sem sýslumenn fá til meðferðar. Sýslumaðurinn á Ísafirði situr í umræddum starfshóp og gengur vinnan vel. Þess er að vænta að skjalavistunarkerfið verði tilbúið til notkunar á síðari hluta árs 2008, en útbúa þarf bréfalykil og endurskoða hluta þeirra tölvukerfa sem eru í notkun á sýslumannsembættum.

Unnið er að því að klára handbók fyrir lögreglu og má vænta þess að þeirri vinnu ljúki á síðari hluta árs 2008. Þá er stefnt að því að heimasvæði á vegum lögreglunnar á Vestfjörðum verði aðgengilegt íbúum fjórðungsins sem fyrst og eigi síðar en á árinu 2009.

Samstarf

Samstarf við stofnanir og félög innan umdæmis sem utan gekk mjög vel. Vegna sameiningar lögregluumdæma er brýnt að auka samstarf við þau sveitarfélög sem áður var þjónað af öðrum lögreglustjórum. Þegar hefur verið hafin vinna í þá átt og má nefna að lögreglustjóri bauð fram aðstoð við endurskoðun lögreglusamþykkt fyrir öll sveitarfélög sem það vildu. Ekki kom þó til þeirrar endurskoðunar þar sem dómsmálaráðuneytið setti lögreglusamþykkt fyrir landið allt sem mun taka gildi í júní 2009, setji sveitarfélög sér ekki nýjar samþykktir. Það er því næsta verkefni sýslumanns/lögreglustjóra að bjóða sveitarfélögum að endurskoða þessa nýju samþykkt með hagsmuni íbúa á Vestfjörðum í huga, en eðlilegt er að sama samþykkt sé í gildi á öllu svæðinu, þar sem íbúakjarnarnir og dreifbýlið er með svipuðu móti um allan fjórðunginn. Vinna er í gangi að koma á fót samstarfsnefnd sveitarfélaga og lögreglu, sem ætlað er að vinna að forvarnarmálum og þeim áhersluverkefnum sem sveitarfélögin og lögreglan telur brýnust á hverjum tíma, en þessi vinna hófst í september 2007 en er ólokið. Þakka ber embætti ríkislögreglustjóra fyrir gott samstarf, Lögregluskólanum fyrir gott og metnaðarfullt starf og Starfsmennt fyrir Járnsíðuverkefnið. Loks skal nefnt sérstaklega, að samstarf í almannavarnanefndum hefur gengið vel, enda á þar sæti reynslumikið fólk. Eingöngu kom til rýminga að Laugabóli í Súðavíkurhreppi og var það gert í samvinnu við húsráðanda og gekk vel. Þó nokkuð var um lokanir á vegum vegna snjóflóðahættu og ber að þakka Vegagerðinni fyrir gott samstarf í þeim lokunum. Ekki kom til fleiri rýminga á árinu og er það vel. Samstarfi lögreglustjóranna í Bolungarvík, á Hólmavík, á Ísafirði og á Patreksfirði lauk um áramótin 2006-2007 þegar löggæsluumdæmin sameinuðust. Er fyrrgreindum lögreglustjórum þakkað gott samstarf á liðnum árum.

Rekstur

Rekstrarafgangur var á árinu, rúmar 1,6 milljónir. Hér að neðan verður gerð nánari grein fyrir fjárhagsstöðu embættisins á árinu 2007.

Rekstrarreikningur 2007	Reikningur 2006	Reikningur 2007	Fjárheimildir
--------------------------------	-----------------	-----------------	---------------

Tekjur

Sértekjur	1.227.952	1.399.671	
Tekjur samtals	1.227.952	1.399.671	

Gjöld

101 Yfirstjórn	71.365.954	76.325.563	73.521.000
120 Löggæsla	102.758.758	206.081.184	209.810.000
140 Tollgæsla	7.780.306	8.195.376	7.500.000
Gjöld samtals	181.905.018	290.602.123	290.831.000

Tekjur umfram gjöld	180.677.066	289.202.452	
Framlag ríkissjóðs	177.475.000	290.831.000	
Tekjuafgangur/-hali	-3.202.066	1.628.548	

Efnahagsreikn. 31. des. 2007	Reikningur 2005	Reikningur 2006	Reikningur 2007
-------------------------------------	-----------------	-----------------	-----------------

Eignir

Inneign hjá ríkissjóði	6.677.002	2.629.726	8.398.152
Skammtímakröfur aðrar	3.125.695	37.019.162	12.670.694
Handbært fé	1.555.634	4.894.152	2.122.071
Eignir/veltufjármunir samtals	11.358.331	44.543.040	23.190.917

Skuldir og eigið fé

Breyting v. lokafjárlaga

Tekjujöfnuður ársins	-1.010.488	-427.215	1.628.548
Eigið fé/höfuðstóll í árslok	2.774.851	-427.215	2.774.851

Skammtímaskuldir

Yfirdráttur á bankareikn.

Aðrar skammtímaskuldir	8.583.480	44.970.255	
Skuldir/skammtímaskuldir samt.	8.583.480	44.970.255	20.829.886

Skuldir og eigið fé samtals	11.358.331	44.543.040	23.190.917
-----------------------------	------------	------------	-------------------

2007	Í milljónum króna	%
Yfirstjórn	76.325.563	26,26
Lögregla	206.081.184	70,92
Tollgæsla	8.195.376	2,82
Samtals	290.602.123	100

Kjarnastarfsemi

Kjarnastarfsemi sýslumannsins á Ísafirði er sem fyrr; 1. Almenn umboðsstörf, 2. Tollur, 3. Innheimta, 4. Starfsemi tryggingumboðs og 5. Löggæsla. Verður gert stuttlega grein fyrir hverju og einu sviði hér á eftir, utan löggæslunnar en eins og fram hefur komið er gerð sér ársskýrsla fyrir þann hluta starfseminnar.

1. Almenn umboðsstörf

1.1. Þinglýsingar

Þinglýsingar voru með svipuðum hætti og fyrr. Þinglýstum fasteigna-, skipa- og bifreiðaskjölum fækkaði frá fyrra ári og sama er að segja um önnur skjöl en aflýsingum fjölgaði. Nú er svo komið að allar eignir sem enn eru óstaðfestar í skráningargrunni Fasteignamats ríkisins eru svokallaðar misræmiseignir, þar sem óljóst er um einhverja þá þætti sem fyrir þurfa að liggja til að fasteign hljóti staðfestingu í skrána.

1.2. Aðfarargerðir

Alls bárust 422 nýjar aðfararbeiðnir á árinu 2007 en til meðferðar voru 735 beiðnir. Fyrirtökur aðfarargerða eru fyrsta fimmtudag hvers mánaðar og fyrirtökur samkvæmt lögregluboðun þriðjudaginn þar á eftir. Almennt láta menn til segjast eftir símtal frá lögreglu um að nærveru þeirra sé óskað við fyrirtöku og kemur það því sjaldan fyrir að menn eru fluttir með lögregluvaldi til fyrirtöku þó það sé ekki óþekkt.

1.3. Nauðungarsölur

Alls bárust 116 nýjar nauðungarsölubeiðnir á árinu 2007, þar af voru 7 fasteignir seldar nauðungarsölu hjá embættinu og er það töluverð fækkun frá árunum 2004 til 2006. Af 132 málum sem komu til meðferðar var 85 málum lokið þannig að gerðarþolar fengu nauðungarsölu afturkallaða með samkomulagi við gerðarbeiðendur.

Á árinu 2007 bárust 2 nýjar beiðnir um sölu lausafjár en alls voru 2 beiðnir til meðferðar. Haldið var eitt lausafjáruppböð á árinu og lauk því með sölu hluta lausafjárins.

1.4. Sifjamál

Alls voru 91 sifjamál til meðferðar hjá embættinu árið 2007 og var 71 þeirra lokið með efnislegrni niðurstöðu. Ekki er að merkja sérstaka breytingu á milli ára í einstaka málaflokki. Sifjamál eru án efa einn erfiðasti málaflokkur embættisins. Í árslok 2007 var 20 málum ólokið.

1.5. Dánarbú

Á árinu 2007 bárust 34 tilkynningar um andlát og voru alls 52 dánarbú til meðferðar á árinu. Meðferð þeirra lauk með þeim hætti að 12 einstaklingar fengu leyfi til setu í óskiptu búi, skiptum var lokið í 24 málum og skiptum lokið með öðum hætti í 2 málum. Í árslok 2007 var skiptum ólokið í 14 málum.

2. Innheimta opinberra gjalda

Innheimtuárangur var sambærilegur á árinu 2007 og 2006. Við sömu vandamál er að etja ár hvert, þ.e. erfiðlega gengur að ljúka skiptum þrotabúa og áætlanir eru of margar, sem lítið er hægt að gera í af embættisins hálfu. Um fáa einstaklinga og fyrirtæki er að ræða sem valda því að innheimtuárangur reiknast með þessum hætti. Eins og fyrr eru áætlanir helsta vandamál við innheimtu. Ef árangur á að nást þarf að breyta þeim reglum sem gilda um stofnun virðisaukaskattsnúmers og opnun á staðgreiðsluskilum.

3. Tollur

Starfsemi tolls var með hefðbundum hætti. Óveruleg fækkun varð á tollafgreiðslum en samsvarandi fjölgun í skipa- og flugafgreiðslum. Engar haldlagningar áttu sér stað á árinu.

4. Tryggingastofnun og sjúkratyggingar

Sýslumaður er umboðsmaður Tryggingastofnunar ríkisins og Sjúkratygginga. Starfsemi tryggingaumboðs var með svipuðum hætti og fyrra ár. Úrskurðum fækkaði lítillega í tengslum við sjúkratyggingar, og fækkaði örlítið í lífeyrisdeild og er því munurinn milli ára vart marktækur. Vinnuálag, sem hafði aukist frá 2005 til 2006 hélst óbreytt vegna aukningar við gerð tekjuáætlana, endurreiknings og upplýsingagjafar í síma vegna lífeyrigreiðslna. Komum lífeyrisþega á skrifstofuna fjölgaði einnig umtalsvert. Búið er að bæta úr aðstöðu fyrir þá sem bíða eftir afgreiðslu hjá tryggingaumboði en Albína Thordarson, arkitekt samþykkti breytingar á starfsaðstöðu og móttöku viðskiptavina.

5. Ýmsar leyfisveitingar

Sýslumaður gefur út ýmis leyfi á grundvelli laga. Þá gefur sýslumaður út ýmis leyfi sem tilheyra lögreglustjórn embættisins. Um leyfi þessi verður fjallað í kaflanum tölulegar upplýsingar.

II. Tölulegar upplýsingar

1. Almenn umboðsstörf

1.1. Þinglýsingar

Skýringar:	2005	2006	2007
Þinglýst fasteignaskjöl	1515	1479	1972
Þinglýst bifreiðaskjöl	300	198	140
Önnur skjöl	85	40	41
Bátar og skip	378	318	430
Aflýst skjöl	1520	?	319

1.2. Aðfarargerðir

Skýringar:	2005	2006	2007
Nýjar beiðnir	532	519	422
Beiðnir alls til meðferðar	758	810	735
Beiðnum alls lokið	467	497	481
Beiðnum ólokið	291	313	408

1.3. Nauðungarsölur

Fasteignir og skip

Skýringar:	2005	2006	2007
Nýjar beiðnir	127	85	116
Alls til meðferðar	134	115	132
Seldar eignir	18	12	7
Lokin mál	113	84	85
Ólokin mál	30	16	42

Lausafé

Skýringar:	2005	2006	2007
Nýjar beiðnir	6	2	2
Alls til meðferðar	8	3	2
Seldar eignir	2	3	1
Lokin mál	5	3	1
Ólokin mál	1	0	1

1.4. Sifjamál

Skilnaðarmál

Skýringar	2005	2006	2007
Ný mál	25	18	33
Alls til meðferðar	26	23	35
Afgreidd mál alls	21*leiðrétt	21	24
Óafgreidd mál um áramót	5*leiðrétt	2	9

Sambúðarslit

Skýringar	2005	2006	2007
Ný mál	6	7	5
Alls til meðferðar	6	7	6
Afgreidd mál alls	6	6	6
Óafgreidd mál um áramót	0	1	0

Faðernis og meðlagsmál

Skýringar	2005	2006	2007
Ný mál	13	6	4
Alls til meðferðar	13	10	4
Afgreidd mál alls	8	10	4
Óafgreidd mál um áramót	5	0	0

Almenn meðlagsmál

Skýringar	2005	2006	2007
Ný mál	9	10	5
Alls til meðferðar	14	11	7
Afgreidd mál alls	6	8	6
Óafgreidd mál um áramót	1*leiðrétt	2	1

Forsjár og meðlagsmál

Skýringar	2005	2006	2007
Ný mál	8	9	1
Alls til meðferðar	9	12	13
Afgreidd mál alls	6	11	12
Óafgreidd mál um áramót	3	1	1

Umgengnismál

Skýringar	2005	2006	2007
Ný mál	11	10	5
Alls til meðferðar	17	15	10
Afgreidd mál alls	9	9	5
Óafgreidd mál um áramót	5*leiðrétt	5	4

Mál skv. 62. gr. barnalaga (menntunarframlag)

Skýringar	2005	2006	2007
Ný mál	5	6	4
Alls til meðferðar	7	8	8
Afgreidd mál alls	3	4	7
Óafgreidd mál um áramót	2*leiðrétt	4	1

Mál skv. 60. gr. barnalaga (framlag vegna ferminga og flr.)

Skýringar	2005	2006	2007
Ný mál	6	5	4
Alls til meðferðar	6	6	4
Afgreidd mál alls	3	6	3
Óafgreidd mál um áramót	1*leiðrétt	0	1

1.5. Dánarbú

Skýringar	2005	2006	2007
Ný mál	30	34	34
Alls til meðferðar	40	48	52
Skiptalok	17	22	24
Leyfi til setu í óskiptu búi	9	9	12
Lokið með öðrum hætti			2
Skiptum ólokið um áramót	14	18*leiðrétt	14

1.6. Hjónavígslur

Skýringar	2005	2006	2007
Hjónavígslur samtals	5	5	4

1.7. Lögbókandagerðir

Skýringar	2005	2006	2007
Erfðarskrá	9	5	4
Kaupmálar	5	1	6
Önnur skjöl og gerðir	16	26	27
Skráðir kaupmálar	5	1	6

1.8. Leyfi fyrir sölu skotelda

Skýringar	2005	2006	2007
Leyfi fyrir sölu skotelda	6	5	12
Leyfi fyrir skoteldasýningum	9	10	14
Brennuleyfi	16	14	29

1.9. Ýmis önnur leyfi

Skýringar	2005	2006	2007
Útgefin meistarabréf	4	2	5
Útgefin sprengileyfi	0	1	0
Eiturefnaleyfi	1	0	0

2. Innheimta

Innheimtuárangur staða miðað 1.1.2008

Skýringar:	2005	2006	2007
Staðgreiðsla	97,4%	98,1%	97,46
Virðisaukaskattur	96,6%	98,7%	98,24
Opinber gjöld	77,3%	78,4%	78,18

3. Tollur

Skýringar	2006	2007
Pappírsskýrslur	52	45
EDI- og VEF afgreiðslur	111	118
Samtals:	150	163

Skipaafgreiðslur

Skýringar	2006	2007
Innafgreiðslur skipa	24	20
Útafgreiðslur skipa	28	29
Aðrar afgreiðslur	6	10
Samtals:	58	59

Flugafgreiðslur

Skýringar	2006	2007
Innafgreiðslur flugvéla	19	7
Útafgreiðslur flugvéla	17	16
Samtals:	36	23

SMT / sía

Skýringar	2006	2007
Óskað eftir skjölum	12	14

Vöruskoðun

Skýringar	2006	2007
Vöruskoðanir	21	16

Skemmtiferðaskip

Skýringar	2006	2007
Fjöldi skipa	22	25
Vaktstaða um borð /klst	0	0

Farmskrá

Skýringar	2006	2007
Nýskráningar	32	22
Umskráningar, uppskiptingar og breytingar	14	16

Skýrslur

Skýringar	2006	2007
Förgun, tjón, vöntun	0	1
Tollalagabrot	1	0
Lögskráningarbrot	0	1
Aðrar skýrslur	0	1
Samtals:	1	2

Útgefin og endurnýjuð atvinnuskírteini

Skýringar	2006	2007
Útgefin og endurnýjuð skipstjórnarskírteini	54	56
Útgefin og endurnýjuð vélstjórnarskírteini	42	29

Haldlagt

Skýringar	2006	2007
Áfengi (<i>sterkt</i>)	0	
Áfengi (<i>létt</i>)	0	
Bjór	0	
Annað	0	

Endurskoðun

Skýringar	2006	2007
Fjöldi fyrirtækja		
Fjöldi skýrslna		
Fjöldi athugasemda		
Gjöld til lækkunar / kr		
Gjöld til hækkunar / kr		

Annað

Skýringar	2006	2007
Áfengi og tóbak afgreitt úr tollfrjálsri birgðageymslu	6	

4. Tryggingastofnun og sjúkratryggingar

Afgreiddir reikningar í sjúkratryggingum

Skýringar	2006	2007
Afgreiddir reikningar	2156	2428
Afgreidd alm.tr.vottorð	6	5
Úrskurðaður ferðakostnaður	306	274

Úrskurðir í lífeyrisdeild

Skýringar	2006	2007
Fjöldi úrskurða	829	825
Fæðingarorlofsumsóknir	58	0

Greiðslur vegna lífeyristrygginga og flr.

Skýringar	2006	2007
Greiðslur vegna lífeyristrygginga	419.824.274	511.498.759
Félagsleg aðstoð lífeyristrygginga	119.103.986	87.207.820
Slysatryggingar	788.963	905.085
Vistunarframlag	23.275.696	25.829.080
Meðlög		39.328.884
Samtals	562.992.919	664.769.628

Greiðslur vegna sjúkratrygginga

Skýringar	2006	2007
Greiddir sjúkradagpeningar	3.638.104	1.386.754*
Tannlæknakostnaður	13.650.574	20.458.171
Ferðakostnaður sjúklinga	14.620.585	14.645.368
Endurgreiðsla vegna afsláttarkorta	251.037	1.127
Ferðakostnaður vegna dvarlarkostnaðar	36.800	147.440
Sjúkraflutningur v/fylgdarmanns	26.167	0
Sjúkratryggðir-endurgreiðsla	12.630	0
Samtals	32.235.897	36.638.860

* tímabilið 01.01.07 til 18.05.07

5. Ýmsar leyfisveitingar

Skýringar	2005	2006	2007
Ökuréttindi			
Umsóknir um ökuskírteini	501	434	482
Æfingaaksturs- og leiðbeinendaleyfi	278	328	228

Vegabréf

Útgefin vegabréf	476	594	513
------------------	-----	-----	------------

Skoteldar

Leyfi til sölu skotelda	6	5	12
Skoteldasýningar	9	10	14
Brennuleyfi	15	14	24

Skotvopnaleyfi

Skotvopnanámskeið – flokkur A	9	15	17
Aukin skotvopnaréttindi – flokkur B	26	14	27
Aukin skotvopnaréttindi – flokkur D	2	0	1
Endurnýjun skotvopnaleyfis	10	21	37
Heimild til að eignast skotvopn	74	55	64
Alþjóðlegt innflutningsleyfi skotvopna	1	0	0
Leyfi til að flytja vopn úr landi	1	1	0
Samþykktar vopnageymslur ¹	39	0	

Ýmis önnur leyfi

Útgefin meistarábréf	4	2	5
Útgefin sprengileyfi	0	1	0
Leyfi til að kaupa sprengiefni	6	4	2
Leyfi til flutnings á sprengiefni	24	16	79
Önnur flutningsleyfi	12	23	8
Veitinga-, skv. niðurfelldum lögum nr. 67/1985	29	39	35
Gisti- og hótellefni skv. niðurfelldum lögum nr. 67/1985	12	7	4
Skemmtanaleyfi skv. niðurfelldum lögum nr. 120/1947	55	60	
Rekstrarleyfi skv. lögum nr. 85/2007			9
Samtals útgefin leyfi	1589	1643	1561

¹ Telja þarf þessi leyfi handvirkt. Eftir sameiningu lögregluumdæma 1. janúar 2007, vorðu þessum leyfum ekki gerð skil.